

Nokkrir fornmenn.

Framhald.

EYJÓLFUR EYJÓLFSSON.

Eyjólfur Eyjólfsson og kona hans Signý Pálsdóttir eru meðal vorra fyrstu landnámsmanna hér í álfa. Þau fluttust hingað til lands sumarið 1876 frá Dagverðargerði í Hróars-tungu í Norðurmúlasýslu og settust að í Nýja-Íslandi suður við Merkjalæk. Þar dvöldu þau þangað til um vorið 1880 að þau fluttu hingað upp til bæjarins og hafa búið hér síðan.



EYJÓLFUR EYJÓLFSSON.

Þeim hjónum hefir jafnan verið brugðið við fyrir mann-úð og drengskap og munu þau óhætt eiga þann orðstýr því þau hafa jafnan viljað láta alt gott af sér leiða hópi vor Íslendinga hér vestra og oftast verið svo á vegi stödd, að hafa getað það í einhverri mynd. Það er ýkjulaust að segja, að frá fyrri árum Íslendinga hér, muni þeir vera margir, lífs eða liðnir, er eiga þeim gott að gjalda. Því var svo var- ið meðal vor þá, þótt hjál- pin væri ekki ætíð í stórum stýl, var hún engu að síður notarík fyrir það. Vér vorum ekki öll mikið fólk þá, inn-

flytjendurnir, og smátt hæfði eins vel smáum, eins og stórt stór- um, og gegnir það furðu hve sumir hafa vaxið nú í seinni tíð, er tæpast voru þá meira en meðalmenn. Þeir eru orðnir eins og hæstu „ljósastaurar“, er fleygja löngum og mjóum skuggum langs eftir götunni, svo að hálförökkur leggur yfir leiðina að baki.